

Verðmæt réttindi í lífeyrissjóðum

Ellilífeyrir vegur þyngst í eftirlaunum einstaklinga og í áfallalífeyri felst mikil tryggingavernd


Eftir Gunnar Baldvinsson formann Landssamtaka lífeyrissjóða

Samkvæmt lögum verða allir vinnandi einstaklingar að greiða lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð á aldrinum 16 til 69 ára. Iðgjaldið er yfirleitt 12% af launum og greiða einstaklingar 4% og fá 8% mótframlag frá launagreiðanda. Nokkrir hópar greiða meira, t.d. er iðgjaldið 15,5% hjá ríkisstarfsmönnum en ríkið greiðir 11,5% mótframlag gegn 4% iðgjaldi launþega. Upphæð iðgjalds og skipting milli launþega og launagreiðanda er samningsatriði.

Eftirlaun og áfallalífeyrir

Í lífeyrissjóðalögum eru skilgreind lágmarksréttindi sem lífeyrissjóðir verða að tryggja sjóðfélögum sínum fyrir iðgjöldin. Lífeyrisréttindi skiptast í elli- og áfallalífeyri.

- Ellilífeyrir er yfirleitt greiddur frá 60-70 ára aldri og er greiddur til æviloka.
- Áfallalífeyrir er samheiti fyrir örorku-, maka- og barnalífeyri. Örorkulífeyrir er greiddur ef starfsorka sjóðfélaga skerðist um 50% eða meira, makalífeyrir er greiddur til eftirlifandi maka við fráfall sjóðfélaga og barnalífeyrir er greiddur með börnum við fráfall eða við starfsorkumissi.



Lífeyrisréttindi ávinnast í hlutfalli við greidd iðgjöld. Réttindin eru verðtryggð og breytast mánaðarlega í takt við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lífeyrisréttindi eru nokkuð mismunandi eftir sjóðum og sumir sjóðir veita meiri réttindi en þau lágmarksréttindi sem tilskilin eru í lögum. Flestir einstaklingar hafa greitt í marga lífeyrissjóði og eiga því réttindi í mörgum sjóðum. Samkvæmt lögum er ekki hægt

að flytja réttindin milli sjóða og sameina þau í einn sjóð. Þegar kemur að töku lífeyris er hins vegar nóg fyrir einstaklinga að sækja um lífeyri hjá einum sjóði sem sér þá um að sækja um hjá öðrum lífeyrissjóðum sem viðkomandi einstaklingur hefur greitt í um ævina.

Nokkrir lífeyrissjóðir heimila sjóðfélögum að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í séreignarsjóð til að dreifa áhættu og auka svigrúm við töku lífeyris. Inneign í séreignarsjóði er laus til úttektar við 60 ára aldur og fyrr ef sjóðfélagi missir starfsorku. Inneignin erfist við fráfall.

Árið 2011 greiddu lífeyrissjóðir samtals 60 milljarðar í eftirlaun eða 67% af ellilífeyri landsmanna. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals 21 milljarðar í áfallalífeyri sem skiptist þannig að 13 milljarðar voru greiddir í örorkulífeyri, 8,1 milljarðar í makalífeyri og 600 milljónir í barnalífeyri.

Þekktu rétt þinn

Lífeyrisréttindi eru verðmæt og einstaklingum ber að hugsa um þau í því samhengi. Ellilífeyrir lífeyrissjóða er yfirleitt uppistaðan í eftirlaunum einstaklinga. Hjá þeim sem missa starfsorku og verða óvinnufærir er örorkulífeyrir lífeyrissjóða oft einu tekjurnar sem einstaklingar fá umfram örorkubætur almannatrygginga. Við fráfall sjóðfélaga erfist inneign í séreignarsjóði og lífeyrissjóðir greiða maka- og barnalífeyri sem hjálpa eftirlifendum að venjast nýjum aðstæðum.

Þegar kemur að því að lífeyrisþegar hafa greitt 10%-12% af heildarlaunum sínum í lífeyrissjóð alla starfsævina munu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna vega enn þyngra í eftirlaunum en þau gera í dag. Mikilvægi lífeyrissjóðanna fyrir einstaklinga fer því vaxandi og um leið verður æ þýðingarmeira að fólk þekki sín réttindi og sinn lífeyrissjóð. Lífeyrissjóðir senda sjóðfélögum sínum 1-2 yfirlit á ári með upplýsingum um iðgjaldagreiðslur og réttindi. Mikilvægt er að lesa yfirlitin vel yfir og varðveita þau. Sjóðfélagar geta líka flett upp á réttindum sínum á læstum sjóðfélagavef á heimasíðum sjóðanna. Starfsfólk lífeyrissjóðanna veitir góðfúslega meiri upplýsingar.

Lífeyrissjóðirnir halda árlega ársfund þar sem veittar eru upplýsingar um rekstur og afkomu. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundina til að fá upplýsingar og sýna stjórnendum sjóðanna aðhald.

